



4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2013 - 2014 haldinn föstudaginn 24. jan. 2014 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar, Sigrún Gísladóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Fundinn sátu einnig Gunnar Hólmsteinn Ársælsson fulltrúi kennara, Sigríður Einarsdóttir fulltrúi foreldraráðs, Agnes Alda Magnúsdóttir fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir áfangastjóri.

Fundargerð 3. fundar skólanefndar á skólaárinu hafði verið send skólanefndarfulltrúum í tölvupósti og samþykkt. Hún hefur verið sett á heimasíðu skólans.

1. Kosning formanns og varaformanns

Fundarmenn voru sammála um að Steinþór Einarsson gegni áfram starfi formanns og Áslaug Hulda Jónsdóttir verði áfram varaformaður.

2. Fjármál skólans

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu var skólinn rekinn með rekstrarafgangi og tókst að greiða niður mest allan halla síðasta árs.

3. Upphaf vorannar

Skólastarf fer vel af stað. Haldið er áfram tilraun, með smíðjur, sem verður metin í lok vorannar.

4. Úrbætur í mötuneyti nemenda

Það er kominn posi í mötuneytið og mun verða sett auglýsing á heimasíðu skólans þar að lútandi. Nemendafélagið ætlar að kanna verð, gæði og úrval í mötuneytum nokkurra framhaldsskóla og koma svo með tillögum að úrbótum í framhaldi af því.

5. Önnur mál

Afmæli skólans – skólinn verður 30 ára í haust og búið er að skipa í afmælisnefnd. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram eins og t.d. dansleikja – og tónleikahald í skólanum.

Fundi slitið kl.13:15.

Næstu fundir: 7/3, 4/4 og 6/6

Snjólaug Bjarnadóttir ritaði fundargerð